



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga



Þinggerð 62. Fjórðungshings Vestfirðinga

Bolungarvík 24. maí 2017

Miðvikudaginn 24. maí 2017, var 62. Fjórðungsping Vestfirðinga haldið í Félagsheimilinu í Bolungarvík. Dagskrá þingsins má sjá nánar í þingskjali 1. Atkvæðavægi sveitarfélaga má sjá í þingskjali 2.

## **Þingsetning**

Pétur Georg Markan, formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga, setti þingið kl. 13:00 og bauð þingfulltrúa og fundargesti velkomna.

## **1. Skýrsla stjórnar og rekstrareininga sem stjórn FV ber ábyrgð á**

Pétur Georg Markan formaður stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga flutti skýrslu stjórnar. Í skýrslunni fór formaður yfir störf stjórnar á árinu, sem hefur verið með eindæmum starfsamt, kröftugt og hugað. Stærstu verkefni hafa verið málefni stoðkerfis atvinnu og byggðaðróunar með stofnun Vestfjarðastofu. Fjórðungssambandið hefur leitt þá vinnu allt frá miðju síðasta ári. Annað málefni er undirbúningur að gerð Svæðisskipulags Vestfjarða og er nú til umfjöllunar í sveitarstjórnnum á Vestfjörðum. Í þriðja lagi vinna og eftirfylgni Fjórðungssambands með vinnu nefndar forsætisráðherra um samfélags og byggðaðróun á Vestfjörðum, Vestfjarðanefnd. Í fjórða lagi mótun og forgangsröðun í stefnumálum Fjórðungssambandsins í samráði við sveitarfélögin. Að lokum nefndi Pétur að lagt hefði verið upp verkefni í Árneshreppi á grunni hugmyndafræði Brothættra byggða, leitað hefði verið samstarfs við Byggðastofnun um málið.

Stjórn geti horft til góðs árangurs í öllum þessum verkefnum nema þess lítur að starfi Vestfjarðanefndar. Þar hefðu stjórnvöld ekki fylgt eftir nema að litlu leyti þeim verkefnahugmyndum sem nefndin hefði sett fram.

Formaður þakkaði síðan starfsmönnum FV fyrir áhuga og vilja til að fylgja málum eftir. Nefna bæri þar eftirfylgni með Umhverfissvottun Vestfjarða en starfsemi sveitarfélaganna var vottuð á síðasta hausti.

Að öðru leyti vísast til þingskjals nr. 3

Pétur gerði þá að tillögu að þingforseti yrði Helga Svandís Helgadóttir frá Bolungarvík og varaforseti yrði Nanný Arna Guðmundsdóttir frá Ísafirði.

Tillagan samþykkt

Pétur gerði þá tillögu að þingritarar yrðu Lína Björg Tryggvadóttir og Magnea Garðarsdóttir starfsmenn Fjórðungssambands Vestfirðinga. Tillagan samþykkt.

Helga Svandís Helgadóttir þingforseti tók nú við fundarstjórn og bauð gesti og þingfulltrúa velkomna og fór stuttlega yfir dagskrá þingsins. Þá bar þingforseti upp tillögu stjórnar FV að eftirfarandi nefndum:

**Fjármálanefnd**

Gísli Halldór Halldórsson Ísafjarðarbæ Formaður  
Ingibjörg Birna Erlingsdóttir Reykhólahreppi  
Jón Páll Hreinsson Bolungarvíkurkaupstað.

Tillagan samþykkt

**Kjörbréfanefnd**

Gerður Sveinsdóttir Vesturbyggð formaður  
Áslaug Guttormsdóttir Reykhólahreppi  
Finnur Ólafsson Kaldrananeshreppi  
Gunnhildur Elíasdóttir Ísafjarðarbæ.

Tillagan samþykkt og tóku nefndir til starfa.

Þingforseti opnaði nú fyrir umræðu um skýrslu stjórnar.

Arna Lára Jónsdóttir fékk orðið og fjallaði um mikilvægi almenningssamgangna. Hún benti á að samningar væru að fara að renna út og sagði það mikilvægt að tekin verði ákvörðun um það hvernig samningum varðandi almenningssamgöngur verði háttað. Hvort að þær ættu að vera á hendi Fjórðungssambandsins eða hvort að sveitarfélögin eigi að taka við verkefninu.

Aðalsteinn Óskarsson svaraði fyrirspurn Örnú varðandi almenningssamgöngur. Hann sagði að samningar FV við Vegagerðina muni renna út 2018, taka verður ákvörðun fljótlega hvort og þá hvernig FV eigi að standa að verkefninu eftir þann tíma. Starfsumhverfið hefur verið erfitt með tillit til laga og regla og litlir fjármunir í verkefninu. Úrbætur á lagaumhverfi hafa nú náðst í gegn með nýjum lögum um fólks og farmflutninga m.a. með styrkingu á sérleyfisrétti. Málið yrði tekið upp í samgöngunefnd og síðan í stjórn FV á næstu mánuðum og aukið samstarf með sveitarfélögunum væri þar spennandi kostur.

Þingforseti bar nú skýrslu stjórnar upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða

**2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðanda FV og rekstareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á**

Þingforseti gaf næst Aðalsteini Óskarsyni orðið og fór hann yfir ársreikning fyrir árið 2016 sem var staðfestur á stjórnarfundum 19. maí s.l. og sendur sveitarfélögum sama dag. Hann kynnti skýrslu endurskoðanda og skýrslu stjórnar þar sem sett er fram það álit að ársreikningur gefi góða mynd af rekstri og efnahag FV í árslok 2016.

Heildartekjur sambandsins námu 261.444 þ.kr. en rekstrargjöld 255.137 þ.kr. þar af eru laun og launatengd gjöld 58.503 þ.kr. Rekstrarafkoma er jákvæð um 6.166 þ.kr., en að teknu tilliti til afskrifta, fjármunatekna og gjalda er hún jákvæð um 7.450 þ.kr. Heildareign sé samkvæmt

efnahagsreikningi 151.250 þ.kr. í árslok 2016, en skuldir og skuldbindingar rúmum 112.021 þ.kr. Eigið fé nemur því 39.228 þ.kr.

Vegna verkefna í vinnslu er gert ráð fyrir að 34.924 þ.kr. flytjist til ársins 2017. Lífeyrisskuldbinding sem ekki er færð í ársreikning var samkvæmt tryggingarfræðilegum forsendum metin í árslok 2015 45.039 þ.kr.

Aðalsteinn óskaði eftir að ársreikningi yrði vísað til umfjöllunar fjárhagsnefndar.

### **3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og ákvörðun um árstíllag.**

Þingforseti gaf þá Aðalsteini Óskarssyni orðið og kynnti hann endurskoðaða fjárhagsáætlun Fjórðungssambandsins fyrir árið 2017, sem hér segir;

	<b>Endurskoðuð áætlun 2017</b>	<b>Áætlun 2017</b>	<b>Ársreikningur 2016</b>
<b>Framlög, styrkir og aðrar tekjur</b>	<b>308.906.360</b>	<b>250.390.000</b>	<b>261.444.128</b>
<b>Laun og launat.gjöld</b>	<b>72.683.000</b>	<b>59.116.000</b>	<b>58.503.251</b>
<b>Sérverkefni og skrifstkostn</b>	<b>235.631.363</b>	<b>182.136.000</b>	<b>196.633.882</b>
	<b>308.314.363</b>	<b>241.252.000</b>	<b>255.137.133</b>
<b>Rekstrarafkoma fyrir afskriftir</b>	<b>591.997</b>	<b>3.587.000</b>	<b>6.306.995</b>
<b>Afskriftir</b>	<b>-140.000</b>	<b>-250.000</b>	<b>-140.354</b>
<b>Fjármunatekjur og gjöld</b>	<b>200.000</b>	<b>200.000</b>	<b>1.373.567</b>
<b>Rekstrarafkoma</b>	<b>651.997</b>	<b>3.537.000</b>	<b>7.540.208</b>

En að öðru leyti vísast til þingskjals nr. 5.

Fór Aðalsteinn yfir helstu breytingar í endurskoðaðri áætlun fyrir 2017 í samanburði við áætlun sem samþykkt var á 1. haustþingi í september 2016. Við gerð áætlunar var stuðst við niðurstöðu ársreiknings 2016 og stöðu bókhalds í lok mars 2017.

Endurskoðuð áætlun víkur frá upphaflegri áætlun vegna aukinna verkefna Markaðsstofu s.s DMP áætlun og Kjarnaveitur. Einnig væri tillaga um að verkefni sem hafa verið flutt á milli ára verði nú sett í vinnslu.

Óskaði Aðalsteinn um að endurskoðaðri fjárhagsáætlun yrði vísað til fjármálanefndar.

Orðið gefið laust um endurskoðaðri fjárhagsáætlun starfsársins 2017 og ársreikning 2018, enginn tók til máls.

Þingforseti bar upp tillögu um að vísa ársreikningi 2016 og endurskoðaðir fjárhagsáætlun 2017 til fjármálanefndar. Tillagan samþykkt.

#### **4. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns.**

Liður fellur niður þar sem kosið var á 61. Fjórðungspingi samkvæmt 5. og 9. grein samþykkt.

#### **5. Kosning í fastanefndir.**

Liður fellur niður þar sem kosið var á 61. Fjórðungspingi samkvæmt 5. og 9. grein samþykkt.

#### **6. Laun og þóknun til stjórnar og nefnda.**

Forseti gaf Aðalsteini Óskarsyni orðið og kynnti hann tillögu stjórnar um laun stjórnar og nefnda FV fyrir starfsárið 2017.

##### **Tillaga um laun stjórnar og nefnda FV fyrir starfsárið 2017-2018.**

- Laun stjórnar og nefnda taki mið af þingfarakaupi eins og það var þann 1. október 2016 kr. 762.940,- hlutföll af þingfarakaupi verði óbreytt frá 61. þingi.
- Laun formanns FV verði áfram 16 % af kr.762.940 = kr. 122.070 á mánuði
- Laun stjórnarmanns FV verði áfram 8 % af kr. 762.940 = kr. 61.035 á mánuði.
- Greitt skal 2% af þingfarakaupi á ferðadag fyrir stjórnarmann ef farið er í ferð sem ekki fellur að ráðgerðum fundum innan ársins. (kr. 15.256)
- Laun formanna fastanefnda og starfshópa verði áfram 8 % eða kr. 61.035 fyrir hvern setinn fund.
- Laun nefndarmanna fastanefnda og starfshópa verði áfram 4 % af þingfarkaupi eða kr. 30.517 fyrir hvern setinn fund
- Fæðis og dagpeningar greiðast samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hverju sinni. Sæki stjórnar eða nefndarmaður fund utan síns atvinnusvæðis skal greiða honum sem nemur fæðispeningi fyrir hvern ferðadag. Gisting skal að jafnaði greidd af Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

Orðið gefið laust en engin hvað sér hljóðs.

Forseti bara tillöguna upp til samþykkis og var hún samþykkt samhljóða.

#### **7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis**

Tillaga til 62. Fjórðungspings Vestfirðinga:

Stjórn gerir tillögu um að áframhaldandi samningur verði gerður við Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Orðið gefið laust en engin hvað sér hljóðs.

Forseti bara tillöguna upp til samþykkis og var hún samþykkt samhljóða.

## **8. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.**

Tillaga til 62. Fjórðungsþings Vestfirðinga.

Stjórn gerir tillögu um að annað haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga verði haldið í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, föstudag 29. og laugardag 30. september n.k.. Umfjöllunarefni þingsins verði tvö, innviðamál og tekjustofnar sveitarfélaga með áherslu á auðlindagjaldtöku.

Orðið gefið laust

Ásgeir Jónsson Tálknafjarðarhreppi bað um orðið og spurði hvort að aðeins verði fjallað um þessi tvö málefni á haustþingi.

Pétur Markan Súðavíkurhreppi fékk orðið og svaraði fyrirspurn Ásgeirs og benti á að enn væri hægt að bæta málefnum inn á haustþing.

Gísli Halldór Halldórsson Ísafjarðarbæ lagði fram breytingartillögu að dagskrá haustþings.

Tillaga til 62. Fjórðungsþings Vestfirðinga:

*Umfjöllunarefni þingsins verði þrjú, innviðamál, tekjustofnar sveitarfélaga með áherslu á auðlindagjaldtöku og framtíðahorfur um málefni fatlaðs fólks á Vestfirðum*

Forseti bar breytingartillöguna upp til atkvæða og var hún samþykkt samhljóða.

## **9. Önnur mál löglega fram borin**

a) Tillaga lögð fram um breytingu á 4. gr. samþykktu FV -Fulltrúar á Fjórðungsþing og atkvæðavægi. Sjá þingskjal 9

Tillaga til 62. Fjórðungsþings Vestfirðinga.

- *Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungsþing og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungsþing eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.*
- *Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungsþingi. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert, margfaldaðri með vogtölu sveitarfélagsins. Vogtala ákvarðast þannig:*
- *Sveitarfélag með 300 íbúa eða færri - Vogtala 3.0*
- *Sveitarfélag með 301-600 íbúa - Vogtala 2.0*
- *Sveitarfélag með 601-1200 íbúa - Vogtala 1.5*
- *Sveitarfélag með fleiri en 1200 íbúa - Vogtala 1.0*
- *Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa.*

Þingforseti opnaði umræðu varðandi tillögu stjórnar

Pétur Markan Súðavíkurreppi tekur til máls. Hann bendir á að málinu hafi verið vísað til stjórnar á síðasta haustþingi og hafi þessi tillaga verið það sem stjórn sættist á. Hann benti á að erfitt væri að tala um lýðræðislega hluti þegar það þurfi stærðfræðing til að útskýra málin. Stjórn ræddi um tillögu Vesturbyggðar sem kom fram á haustþingi og var þar lagt til að hækkað skildi viðmið fólksfjölda úr 1000 í 1.500 þegar vogtala skildi verða 1. Sagði hann að lending stjórnar í þessu mál hafi verið við vogtölu 1 skildi miða við 1.200 íbúa. Hann sagði að það skipti miklu máli fyrir stjórn að sveitarfélögin upplifi sig í sátt.

Arna Lára Jónsdóttir Ísafjarðabæ tók til máls. Hún benti á að það séu ákveðin mál sem eiga að vera stöðug. Erfitt sé að breyta vogtölu eftir því sem íbúum fjölgar eða fækkar. Bauð hún Vesturbyggð velkomin í hóp stóru sveitarfélaganna og benti á að þegar það gerist lækki atkvæðavægi. Það sé raunin sem Ísafjarðarbær hafi lifað við. Hún benti á að með þessari tillögu missa sex sveitarfélög af níu hluta af atkvæðavægi sínu og taldi hún það ekki ásættanlegt. Hún benti einnig á að oft hefur reynt á þessa vogtölu og því þurfi þetta að vera í lagi, þetta séu reglur sem unnið er eftir sem þurfa að vera í föstum skorðum. Hún hvatti Vesturbyggð til að falla frá þessari tillögu og bauð þau aftur velkomin í hóp stóru sveitarfélaganna.

Friðbjörg Matthíasdóttir Vesturbyggð tók til máls og mælti með því að vogtalan yrði endurskoðuð. Hún sagist ekki vera sammála því að ekki mætti breyta einhverju bara af því að það hafi alltaf verið þannig. Margt hafi breyst í tímana rás og tími væri komin á að skoða þessi mál og Fjórðungspingið væri vettvangur til að endurskoða og takast á við þesskonar mál.

Daníel Jakobsson tók til máls. Hann sagði það augljóst af hverju Vesturbyggð hefði lagt til að breyting yrði á vogtölu. Hann benti á að með því að í Vesturbyggð hafi íbúum fjölgað upp í þúsund manns hafi vogtala þeirra lækkað þannig að Bolungarvíkurkaupstað sem hefur færri íbúa sé kominn með hærra vægi. Hann sagði að ekki hefði einhugur ríkt um málið í stjórn og fulltrúi Ísafjarðarbæjar hafi kosið á móti tillögu stjórnar. Hann lagði til að meiri tími yrði settur í að leysa þetta mál og sagðist ekki styðja þessa tillögu stjórnar þar sem hún væri veik þar sem hægt væri að breyta henni.

Jón Örn Pálsson tók til máls. Hann studdi tillöguna í stjórn Fjórðungssambands. Hann taldi eðlilegt að það verði meiri valddreifing á Vestfjörðum. Hann vissi hins vegar ekki hvenær reyndi síðast á þessa vogtölu með kosningum. Telur að það megi breyta hlutum þó að þeir hafi einu sinni samþykktir. Hann sagðist ekki skilja af hverju Ísafjarðarbær væri ósammála tillögu stjórnar og sagði að sveitarfélögin verði og muni standa saman í framtíðinni óháð þessu.

Áslaug Berta Guttormsdóttir Reykhólahreppi tók til máls. Hún kynnti að hún hefði setið sem varamaður á stjórnarfundum þegar tillagan var lögð fyrir. Hún sagðist skilja mjög vel sýn Vesturbyggðar þar sem þeirra vogtala lækkar við fjölgun þegar náð er 1000 manna marki en benti á að líklega væri stutt þar til Vesturbyggð næði 1.200 íbúa markinu og væru þá komnir aftur í svipaða stöðu og nú er og því væri best að leita annarra lausna við útreikninga vogtölu en lögð væri fram.

Pétur Markan tók til máls – Hann benti á að ekki ætti að vera auðvelt að breyta útreikningum varðandi vogtölu en það ætti að vera hægt með aðkomu allra sveitarfélaga. Það er kostur að hægt sé að breyta hlutum en það þarf að gera í sátt. Í þessu máli þarf að finna einhvern samhljóm hjá sveitarfélögunum. Pétur vildi meina að sáttin væri um málið sértaklega í stjórn. Benti á að íbúar Vestfjarða væru aðeins tæplega 7000 manns og því þarf að fara fram skynsamleg umræða um þessi mál.

Ásgeir Jónsson Tálknafjarðarhreppi tók til máls. Hann benti á að þessi tillaga hafi komið áður fram þó ekki í alveg sama formi. Hann samþykkti tillöguna ekki þá. Hann lagði til að kostið verði um báðar tillögur Ísafjarðar og stjórnar. Kosning verði skrifleg og vogtalan notuð.

Daníel Jakobsson tók til máls – Hann svara Pétri og sagði að fulltrúi Ísafjarðarbæjar hafi greitt gegn tillögu stjórnar. Hann segir galla við vogtölukerfið að þegar farið er yfir visst þrep þá fari minni sveitarfélögin yfir vogtölu stærri sveitarfélaganna. Hann bendir á að allir vilji vinna í sátt en það þurfi að vinna þessa tillögu vel.

Pétur Markan Súðavíkurreppi tók til máls og benti á að margt gott hafi komið fram í umræðunni í dag. Hann benti á að fulltrúi Ísafjarðarbæjar í stjórn hafi ekki greitt á móti tillögunni heldur setið hjá. Hann benti sveitarstjórnarmönnum á að það yrði að finna samhljóm í þessari umræðu. Hann ræddi einnig um ummæli Daníels sem sagði tillögu stjórnar veika tillögu þar sem hægt væri að breyta henni. Pétur benti á að sem betur fer væri hægt að breyta tillögunni. Það verði að vera hægt að breyta þeim ákvörðum sem teknar eru þar sem sveitarfélögin væru í opnum lýðræðislegum samtökum þar sem á að vera hægt að taka málefni upp aftur.

Eva Sigurbjörnsdóttir Árneshreppi tók til máls – Hún benti á að það væru 5 sveitarfélög sem væru í neðri mörkum ef þessi tillaga næði fram að ganga. Að þau misstu eitthvað vægi væri það bara eins og gangur heimsins er. Hún bendir á að þarna sé verið að bæta vægi Vesturbyggðar. Bendir á að þetta mál ætti ekki að leysa í ræðustól heldur á öðrum vettvangi.

Friðbjörg Matthíasdóttir Vesturbyggð tók til máls. Hún svaraði Örnunni Láru varðandi stór sveitarfélög. Hún bendir á að Vesturbyggð hafi oft farið með skarðan hlut í kosningum vegna útreikningar á vogtölu. Segir að Vesturbyggð muni ekki beita hótunum til að ná sýnu fram og bendir á að aðrir ættu einnig að gera það.

Pétur Markan Súðavíkurreppi tók til máls og lagði frambreytingartillögu

*Tillaga til 62. Fjórðungspings Vestfirðinga. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga verði falið að skipa milliþingarnefnd með þrem fulltrúum sem endurskoði fyrirkomulag vogtölukerfis samkvæmt 4. Gr. samþykktu FV. Einn fulltrúi frá norðanverðum Vestfjörðum, einn frá sunnanverðum Vestfjörðum og einn frá Ströndum og Reykhólahreppi. Nefndin skili tillögu til 2. haustþings FV.*

Indriði Indriðason Tálknafjarðarhreppi fékk orðið og bendir á að á 61. Fjórðungspingi hafi stjórn verið falið að koma með tillögu og um hana verða að fjalla á málefnalegan hátt

Arna Lára Jónsdóttir Ísafjarðarbæ fékk orðið og lagði fram breytingartillögu frá Ísafjarðarbæja þar sem lagt er til að vogtala sé óbreytt.

*Tillaga til 62. Fjórðungspings; Ísafjarðarbær leggur til að vogtala verði haldið óbreytt.*



Indriði Indriðason Tálknafjarðarhreppi fékk orðið og lagði fram frávísunartillögu á tillögu Péturs.

Gísli Halldór tók til máls, benti hann á að samkvæmt fundarsköpum verði að taka upp breytingartillögu áður en framlögð tillaga er afgreidd.

Daníel Jakobsson – bendir á að Ísafjarðarbær sé að leggja til óbreytta tillögu og því þurfi að taka breytingartillögu fyrir áður.

Forseti fékk orðið og gerði fundarhlé

### **Kaffihlé**

Nanný Arna Guðmundsdóttir varaforseti setti þingið að nýju. Lagði hún fram dagskrártillögu. *Umræðu og atkvæðagreiðslu varðandi tillögu um breytingu á vogtölu verði frestað eftir lið b og c í dagskrá þar sem tímarammi þingsins væri að riðlast og gestir þingsins væru bundnir áætlunarflugi frá Ísafirði. Tillaga samþykkt samhljóða.*

b) **Innviðabylting á Vestfjörðum.** Ásgeir Margeirsson, formaður stjórnar Vesturverks og forstjóri HS orku. Hann setti fram þá spurningu, hvað veldur fækkun fólks á Vestfjörðum? Taldi hann að þar hefði ósamkeppnishæf staða innviða landshlutans mikil áhrif. Hann bendir á að það málefni sem hann er að fara að ræða um muni valda byltingu í málefnum innviða. Öryggi á orku er ekki nægileg og áreiðanleiki raforkuafhendingar í kerfi Landsnets er minnstur á Vestfjörðum. Samfélagslegur kostnaður vegna ótryggrar orkuafhendingar á Vestfjörðum er metinn í dag á 500 til 600 miljónir króna á ári. Raforkuöryggi væri leyst í dag með brennslu olíu, benti hann á þegar díselrafstöðvar og kynding fjarvarmaveitna með olíu á Vestfjörðum eru brennd um 100 tonn af olíu á sólarhring.

Ásgeir kynnti að Hvalárvirkjun hefði farið í gegnum umhverfismat og stefnt væri að framkvæmdir hæfust á næsta ári þegar framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins liggur fyrir. Flutningskerfi mætti byggja upp á viðskiptalegum forsendum með staðsetningu tengipunkts við innanvert Ísafjarðardjúp og uppbyggingu vatnsorkuvirkjana við Ísafjarðardjúp þ.e. Austurgil, Skúfnavatnaveita, Hvanndalsá, Sængurfoss, Skötufirði og Hestfirði. Alls væri hér að lágmarki 130 MW sem mætti virkja og hringtengja flutningskerfið á Vestfjörðum og hafa orkunotkun óháða brennslu olíu. Hann biður sveitarstjórnarmenn að leggja Vesturverki lið í að koma framkvæmd við Hvalárvirkjun og annarra virkjanaáforma í framkvæmd því það verkefni muni leysa orkumál Vestfjarða til framtíðar.

Glærur er fylgdu erindi er hægt að finna á síðu þingsins.

Forseti gefur orðið laust.

Ásgeir Jónsson Tálknafjarðarhreppi spurði af hverju ekki væru neinar breytingar á Tálknafjarðarlínunni og bendir á að þetta muni ekki leysa afhendingaröryggi á sunnanverðum Vestfjörðum.

Ásgeir Margeirsson fékk aftur orðið og svaraði að í kerfisáætlun Landsnets væri gert ráð fyrir nýjum tenginum á milli norðan og sunnanverðra Vestfjarða, sem myndi koma á hringtenginu sunnanverðra

Vestfjarða og tryggja þar með afhendingu orku inn á svæðið. Efling orkuvinnslu á Vestfjörðum myndi því einnig bæta stöðu sunnanverðra Vestfjarða.

Elías Jónatansson Orkubússtjóri Orkubús Vestfjarða (sem gestur þingsins) tók til máls og fjallaði um dreifkerfið á sunnanverðum Vestfjörðum. Hann benti á að orkuþörf á því svæði væri mikil og væru framkvæmdir á því svæði komnar enn framar í forgangsröð með vísan til Kerfisáætlunar Landsnets, framar þetta verkefni sem hér væri til umfjöllunar. Væri verið að huga að því að leggja nýjan streng yfir Arnarfjörð til að það komist á hringtengingu á sunnanverðum Vestfjörðum. Mikilvægt er að tengja allt kerfið inn í hring eins og er komið á milli Ísafjarðar og Bolungarvík. Eins og staðan er í dag er sú hringtenging ekki komin á sunnanverða Vestfirði. Gangi þetta eftir þá verði tryggður flutningur raforku inna á sunnanverða Vestfirði. Hinsvegar kallar atvinnulífið á meiri raforku, því er gríðarlega mikilvægt að farið verið í þessa vinnu við Hvalárvirkjun.

María Maack spurði Ásgeir Margeirsson hvað hafi gerst frá fundi í Árneshreppi sem haldinn var í byrjun síðasta árs varðandi orkumál. Ásgeir sagði að það hefði mikið gerst og til dæmis hefði iðnaðarráðherra gert breytingu á reglugerð sem heimilar Landsneti að undirbúa uppbyggingu flutningskerfis þ.m.t. tengipunkts í innanverðu Ísafjarðardjúpi. Hann benti á að þegar ný virkjun tengist þá fari ákveðið framlag af tekjum virkjunarinnar til flutningskerfisins en óvissa hefði verið með hvenær Landsneti hefði væri heimilt að hefja undirbúning að málinu og það hafi þurft að gera reglubreytingu. Hvalárvirkjun hefur farið í gegnum umhverfismat og er verið að breyta aðalskipulagi Árneshrepps til að koma verkefninu áfram. Hann tók síðan fram, eftir fyrirspurn úr sal, að í hans inngangserindi hefði komið fram að flutningslína frá Hvalárvirkjun yrði lögð í jörð um Ófeigsfjarðarheiði.

Daníel Jakobsson – þakkaði fyrir framsöguna og benti á að það væri þörf að blása lífi í umræðuna. Hann benti á að það eru einkaaðilar sem búa til störf en ekki ríkið. Nú væri bjartara yfir Vestfjörðum þar sem fiskeldið væri í miklum framgangi. Hann benti á að sveitarstjórnarmenn verði að láta heyra meira í sér og ræða þessi mál þar sem þetta sé málið sem allir vilja að unnið verði í. Hann þakkaði FV fyrir að setja málið á dagskrá á þinginu þar sem mikilvægt sé að allir hafi sömu upplýsingar um hvað er að gerast í málefnum.

Eva Sigurbjörnsdóttir – Hún kynnti að málið væri nú til umfjöllunar í sveitarstjórn Árneshrepps eftir að umhverfismati Hvalárvirkjunar lauk. Fram væru komin sjónarmið m.a. frá Landvernd sem legðist alfarið gegn þessum áformum. Slík umræða hefði áhrif í sveitarstjórn og meðal íbúa í sveitarfélaginu, væri mikilvægt að geta leitt þá umræðu til lykta og vilji íbúa kæmi fram. Hún væri fylgjandi virkjun og óskaði eftir umræðu á meðal sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum og þeir ræddu það opinberlega og gæfu upp afstöðu til þessara áforma. Málið varðaði alla Vestfirðinga ekki bara íbúa Árneshrepps.

Ásgeir Margeirsson hvatti alla til að taka þátt í umræðunni og mæta á fundi þar sem málið væri til umræðu.

c) **Vestfjarðastofa. Vinnufundur um mótun framtíðarsýnar Vestfjarðastofu.** Arnar Jónsson og Róbert Ragnarsson, Capacent.

Róbert kynnti drög að skipuriti og tillögu þess efnis að Vestfjarðarstofa verði stofnuð sem ein rekstareining sem sinni annars vegar byggðaðpróun og hins vegar atvinnuþróun. Vísast til efnis á síðu þingsins.

Í stjórn Vestfjarðastofu sitji fulltrúar úr sveitarstjórnnum og fulltrúar sem komi úr atvinnulífi eða sem atvinnulífið myndi sameinast um þ.e. aðrir en framkvæmdarstjórar fyrirtækja eða aðilar með eigin rekstur. Samstarf á milli byggðaðpróunar og atvinnuþróunar þarf að vera skýrt og flæði á milli.

María Maack starfsmaður Atvest spurði hvernig það væri tryggt að það væri ekki eingöngu hreppapólitík sem stýrði atvinnuþróunarsviðinu.

Róbert benti á að það væri eins og annarsstaðar þá þyrftu menn að ræða sig niður á niðurstöðu. Það er aldrei tryggt að pólitík verði ekki ráðandi. Erfitt að taka ákvörðun hvaða sjónarmið eigi að vera ráðandi.

Pétur Markan Súðavíkurbreppi fékk orðið og lýsti því yfir að ánægjulegt væri að þetta verkefni væri komið á það stig sem það er komið á. Mikilvægt er að tekin verði ákvörðun um málið svo að þessi ákvörðun sé þingsins. Hann telur það vera alveg skýrt að Vestfjarðarstofa sé rökrétt ákvörðun núna á þessum tíma.

Ásgeir Jónsson Tálknafjarðarhreppi tók til máls og sagði að hann hefði ákveðnar áhyggjur af því skipuriti sem sett er fram. Hann benti á að atvinnulífið væri farið að hafa mikil áhrif á pólitíkina. Skipuritið sýndi að atvinnulífið væri farið að hafa áhrif til dæmis á byggðaðpróun.

Róbert svarið Ásgeiri og benti á að þetta væri hinn anginn á svari sem var við spurningu Maríu Maack það væri alltaf samstarf sem yrði að eiga sér stað og hagsmunamál þarf að ræða. Hann sagði að þessi tillaga sem núna væri lögð fram væri lögð fram eftir mikla yfirlegu og ýmis sjónarmið rædd. Stóra málið sé að lögð sé fram langtíma framtíðarsýn um hagsmuni sveitarfélaganna.

Daníel Jakobsson Ísafjadrarbæ spurði spurningar varðandi skipurit og vildi vita hver yrði yfir framkvæmdarstjóra Vestfjarðarstofu.

Róbert Ragnarsson Capasent svaraði fyrirspurn Daníels og sagði að það yrði stjórn Vestfjarðarstofu sem yrði yfir framkvæmdarstjóra. Í henni yrðu aðilar úr sveitarstjórnnum og aðilum úr atvinnulífinu. Þessir aðilar verði kosnir á Fjórdungspingi. Þessi leið væri sú leið sem Austurbrú fór á endanum eftir að hafa prufað önnur stjórnarmunstur.

Friðbjörg Matthíasdóttir Vesturbyggð fékk orðið og bað um innlegg frá formanni stjórnar Atvest um umræðu sem fór fram um málið

Andrea Kristín Jónsdóttir Strandabyggð sem formaður stjórnar Atvest, fór yfir það hvernig málið fór í gegn hjá stjórn félagsins. Hún upplýsti að meirihluti stjórnar AtVest hafi samþykkt að fara þessa leið en aðrir setið hjá. Enginn greiddi mótatkvæði.

Gísli Halldór Halldórsson Ísafjadrarbæ fékk orðið og kom með ábendingu um skipuritið þar sem breytt yrði varðandi stjórn Vestfjarðarstofu.

Daníel Jakobsson Ísafjadrarbæ fékk orðið og fagnaði því að málið væri komið á þetta stig. Hann spurði hvort að það hefði verið skoðað hvort að Atvest gæti staðið eins og það gerir í dag en Vestfjarðarstofa væri með fjármagnið og greiddu Atvest fyrir þá vinnu sem færi fram.

Arnar Jónsson Capacent svaraði og sagði að þessi hugmynd hefði verið rædd en sú hugmynd sem hefði orðið hlutskörpust á samráðsfundinum sem fór fram um málið er hugmyndin sem sett er fram á þinginu

Pétur Markan – Bendir á að hlutafélagaformið væri ekki heppilegt þegar unnið er með almanna fé eins og verður í Vestfjarðarstofu.

Þingforseti gerð hlé á umræðunni og nú yrði sett af stað hópavinna undir stjórn verkefnastjóra Capacent.

Þingforseti tók við fundarstjórn eftir að hópavinnu lauk.

Þingforseti tók við fundarstjórn og gaf Finni Ólafssyni Kaldrananeshreppi orðið. Hann sagði frá niðurstöðu kjörbréfanefndar. Mætt var fyrir 8589,83 atkvæði af 8986 eða 95,59%. Vantaði 4 fulltrúa frá Árneshreppi sem gáfu ekki umboð. Einn fulltrúa vantaði frá Bolungarvíkurkaupstað sem gaf ekki umboð fyrir atkvæði sínu og einn fulltrúi frá Kaldrananeshreppi gaf ekki umboð fyrir atkvæði sínu.

Þingforseti gaf nú Pétri Markan orðið.

Pétur lagði fram tillögu um stofnun Vestfjarðastofu.

*Á haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið var á Hólmavík 9. og 10. september 2016 var stjórn FV veitt umboð til að leiða umræður um stofnun Vestfjarðarstofu í samstarfi við stjórn Atvest, niðurstöður þeirrar vinnu voru kynntar hér á 62. Fjórðungspingi.*

*62. Fjórðungsping Vestfirðinga veitir stjórn FV umboð til stofnunar Vestfjarðastofu með sameiningu FV og Atvest. Vestfjarðastofa verði stofnuð á grundvelli þeirrar framtíðarsýnar sem rædd var á Fjórðungspinginu. Vestfjarðastofa verði ein rekstrareining sem sinni annars vegar byggðapróun og hins vegar atvinnuþróun. Stjórn Vestfjarðastofu verði skipuð aðilum úr atvinnulífinu og frá sveitarfélögunum.*

Tillagan lögð fram til samþykktar og hún samþykkt samhljóða.

Forseti gaf orðið laust varðandi ársreikninga og endurskoðaða fjárhagsáætlun samkvæmt þingskjölum nr. 4 og 5

Jón Páll Hreinsson formaður fjármálanefndar tók til máls og lagði hann fram þrjár tillögur til umfjöllunar.

**Tillaga til 62. Fjórðungspings Vestfirðinga.**

- Fjárhagsnefnd leggur til að þingið samþykki ársreikning Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2016.
- Fjárhagsnefnd leggur til að endurskoðuð fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 verði samþykkt, en jafnframt verði hún endurskoðuð að nýju að hausti og lögð fyrir haustþing.
- Fjárhagsnefnd leggur til að stjórn hefji vinnu við að auka gegnsæi og skýra framsetningu reikninga sambandsins. Svo sem með því að færa bókhald í átt að bókhaldi sveitarfélaga, eða með frekari deildarskiptingu bókhaldsins.

Haldið 24. maí 2017 í Félagsheimilinu í Bolungarvík

---

Þingforseti opnaði fyrir umræðu um tillögu fjármálanefndar. Enginn tók til máls og bar þingforseti þá málin upp til atkvæða og voru þær samþykktar samhljóða.

Forseti tók þá aftur upp a.lið níunda dagskráliðar um breytingu vogtölu.

Arna Lára Jónsdóttir Ísafjarðarbæ dró tillögu Ísafjarðarbæjar um óbreytta vogtölu til baka.

Lögð fram tillaga til 62. Fjórðungspings Vestfirðinga.

*Tillaga til 62. Fjórðungspings Vestfirðinga. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga verði falið að skipa milliþingarnefnd með þrem fulltrúum sem endurskoði fyrirkomulag vogtölukerfis samkvæmt 4. Gr. samþykktu FV. Einn fulltrúi frá norðanverðum Vestfjörðum, einn frá sunnanverðum Vestfjörðum og einn frá Ströndum og Reykhólahreppi. Nefndin skili tillögu til 2. haustþings FV.*

Þingforseti opnaði yfir umræðu um tillöguna.

Til máls tók Baldur Smári Einarsson, gerði hann athugasemd við tillögu um svæðaskiptingu, taldi hann mikilvægara að samsetningu nefndarinnar tryggði aðkomu lítilla og meðalstórra sveitarfélaga.

Þingforseti bar tillöguna upp.

Kosning fór fram með handauppréttingu og var vogtala notuð til að reikna út niðurstöðu og var tillagan samþykkt með 6815,18 atkvæðum af 8589,83 gildum atkvæðum en 1774,65 atkvæði á móti.

Forseti þingsins óskaði eftir heimild þingsins að ganga frá þinggerð í samráði við ritara þingsins. Forseti gaf síðan Péttri Markan formanni stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga orðið. Hann þakkaði fyrir gott þing og óskaði þingfulltrúum góðrar heimferðar. Þingi slitið kl. 18:15.

Helga Svandís Helgadóttir

Þingforseti

Lína Björg Tryggvadóttir,

ritari

**Þingskjal 1.****DAGSKRÁ**

1. Skýrsla stjórnar og rekstareininga, sem FV ber ábyrgð á.
2. Afgreiðsla ársreikninga og skýrslu endurskoðenda FV og rekstareininga sem FV ber fjárhagslega ábyrgð á.
3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun starfsársins og ákvörðun um árstíllag.
4. Kosning stjórnar og varastjórnar og kosning formanns, nema á kosningarári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings.
5. Kosning í fastanefndir, nema á kosningarári til sveitarstjórna, en þá er kosningu frestað til haustþings.
6. Laun og þóknun til stjórna og nefnda.
7. Kosning endurskoðanda eða endurskoðendafyrirtækis.
8. Ákvörðun dagsetningar haustþings og umfjöllunarefnis.
9. Önnur mál löglega fram borin
  - a. Breyting á samþykktum FV, 4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsþingi og atkvæðavægi
  - b. Innviðabylting á Vestfjörðum. Ásgeir Margeirsson, formaður stjórnar Vesturverks
  - c. Vestfjarðastofa. Vinnufundur um mótun framtíðarsýnar Vestfjarðastofa. Arnar Jónsson og Róbert Ragnarsson, Capacent.

*Rétt er að vekja athygli á því að 4. og 5. liður dagskrár er ekki virkur á þessu þingi þar sem kosið var á 61. Fj.þingi samkvæmt 5. og 9. gr. samþykktu.*

Þingslit eru áætluð um kl. 17.00

Áskilinn er réttur til breytinga á dagskrá og tímasetningu ef þörf krefur.

**Þingskjal 2 Atkvæðavægi**

Íbúafjöldi sveitarfélaga 1. janúar 2017

Heiti sveitarfélags	Fjöldi íbúa	Vogtala	Fjöldi atkvæða	Hlutfall atkv
Reykholahreppur	282	2,0	564	6,28%
Vesturbyggð	1030	1,0	1.030	11,46%
Tálknafjarðarhreppur	236	2,0	472	5,25%
Bolungarvíkurkaupstaður	908	1,5	1.362	15,16%
Ísafjarðarbær	3608	1,0	3.608	40,15%
Súðavíkurhreppur	186	3,0	558	6,21%
Árneshreppur	46	3,0	138	1,54%
Kaldrananeshreppur	106	3,0	318	3,54%
Strandabyggð	468	2,0	936	10,42%
<i>Samtals</i>	6.870		8.986	100,00%

Fjöldi sveitarfélaga: 9

Ísafirði 12. apríl 2017

### **Þingskjal 3 Skýrsla stjórnar**

Velkomin á þetta 62. fjórðungsping Vestfirðinga, þar sem gestgjafinn er Þuríður Sundafyllir, Einar Guðfinnsson, ... vaskir Bolvíkingar sem kunna það manna best að draga björg í bú, þreyja þorrann, glíma lífsbaráttuna, hafa betur og ganga reistir til framtíðar.

Starfsár Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur verið með eindæmum starfsamt, kröftugt og hugað, Átakasamt á köflum, gleðilegt í bland með vonbrigðum, en fyrst og fremst hefur árið verið uppbyggilegt.

Í upphafi sumars 2016 kom í ljós að Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða stóð ekki styrkum fótum fjárhagslega, og ljóst þótti að rekstur félagsins yrði þungur árið 2017. Í þeim sporum stóðu sporgöngu menn Fjórðungssambandsins þegar fyrstu skref að Vestfjarðarstofu voru tekin, síðasta sumar. Vegferðin að stofnun Vestfjarðarstofu, sem kynnt verður og rædd sérstaklega á þinginu, hefur verið afar gefandi, tyrfin á köflum, ýmist í brekku eða á góðu lensi. Það stendur upp úr öðru fremur hefur verið afar samstarf formanna beggja stjórna, FV og Atvinnuþróunarfélagsins og einhugur og eindregin sátt stjórnar Fjórðungssambandsins í öllu málinu.

Hér á eftir á þinginu verða vonandi tekin síðustu skrefin í stofnun Vestfjarðastofu. Lokahnykkurinn hefur verið í höndum sérfræðinga Capacent, nú er verkefnið búið að taka á sig fallega mynd, einungis er eftir að fínþússa glerið og síðan verður Vestfjarðarstofa nýjasta veiðafæri Vestfirðinga á miðum framtíðarinnar. Megi það vera öflugt, sjálfbært og skapa hér veröld sem var, og enn öflugri!

Um miðbik sumarsins 2016 tók Vestfjarðanefnd til starfa, að undirlagi forsætisráðuneytis. Fjórðungssamband Vestfirðinga starfaði með nefndinni frá fyrsta degi, ruddi veginn og veitti starfinu allt það atfygli sem sambandið átti. Heimsóttir voru allir þéttbýliskjarnar Vestfjarða og helstu áhrifamenn og konur leidd fyrir nefndina til að leiða fram helstu áhersluatriði svo fjórðungurinn ná vopnum sínum aftur.

Fyrsta hringferð formanns FV um Vestfirði mun seint gleymast, þá sérstaklega mun útgerðarmaðurinn á Drangnesi, sem skaust úr skálduðum Lancer á fund nefndarinnar, í vinnugalla með sætri olíulykt, ræddi við nefndarmenn um dásemdír þess að búa á Drangnesi, eðlislæga bjartsýni grásleppunnar, bað ekki um neitt, skaust síðan aftur út, leit við í dyragættinni og sagði snjallt; „ef ykkur vantar eitthvað, látið þig mig vita“.

Afurðin leit síðan ljós dagsins á haustmánuðum, Aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði.

Frá útgáfudegi skýrslunnar hefur Fjórðungssamband Vestfirðinga stundað anddyris pólitík í ráðuneytum ríkisstjórnarinnar og í matsal Alþingis, kynnt efni skýrslunnar og brýnt fyrir alþingismönnum og embættismönnum mikilvægi verkefnanna.

Eitthvað af þeim verkefnum sem tilgreind voru í skýrslunni hafa fengið brautargengi, misgott þó.

Of mörg verkefni í skýrslunni virðast andvana fædd. Ráðuneytin annað hvort með litla fjármuni eða minni vilja til að láta rætast úr vonum Vestfirðinga. Auðvitað má alltaf segja að ekkert sé til einskis.

Ekkert má hins ekki verða einkunn og aðdráttarafl Vestfjarða. Þannig mun mannlíf ekki þróast og eflast.



Haustþing Fjórðungssambandsins var haldið á Hólmavík. Eins og við var að búast voru heimamenn höfðingjar í allri móttöku. Rétt eins og í dag, voru tvo mál afar fyrirferðamikil á þinginu, þá stödd á fósturstiginu. Annars vegar Stefnumörkun sveitarfélag, og stefnumörkun Fjórðungssambands Vestfirðinga, og hins vegar umræða um Vestfjarðarstofu.

Niðurstaða þingsins var að halda áfram með þessi mál og fullvinna þau á vinnufundum með sveitarstjórnnum Vestfjarða. Önnur hringferð Fjórðungssamband Vestfirðinga um fjórðunginn ákveðin í kjölfarið. Ferðin gekk framur vonum og niðurstaðan sú að stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum var kláruð og á grundvelli hennar hafa flest sveitarfélög á Vestfjörðum ákveðið að taka þátt á sameiginlegri vinnu við svæðisskipulag.

Stærsta samvinnuverkefni sveitarfélaga á Vestfjörðum til þessa, mikið gleðiefni fyrir Vestfirðinga og tilefni fyrir FV að fyllast stolti.

Samgöngumál Vestfirðinga hafa verið fyrirferðamikil á þessu starfsári, sem endranær. Baráttan um Dýrafjarðargöng fékk loks fullnaðarsigur eftir áratugabaráttu, útboði lokið og fyrsta skóflustunga bíður eftir ráðherra og bærilegri veðurspá. Bættar samgöngur milli suður og norðurs verður landslag nýrra tíma á Vestfjörðum. Það er ekki að ástæðulausu að stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum hafði vinnuheitidið Slegið í gegn, enda slíkt samstarf grundvallað á bættum samgöngum. Mikilvægt er að stjórnvöld guggni ekki við aðra uppbyggingu vegasamgangna á þessari leið, svo sem stórfelldum endurbótum á Dynjandisheiði.

Vonbrigði ársins voru hins vegar uppbygging vega í Gufudalssveit sem enn og aftur fékk á baukinn.

Hvenær verða loforð gegnsvikin?

Nú var það Skipulagsstofnun, sem gaf út álit á dögnum og hafnaði þar áformun Vegagerðarinnar um vegagerð, sem myndi gjörbylta samgöngum suðurfjarða, svæði í miklum vexti, gífurlegri verðmætaaukningu, en koma þeim ekki af svæðinu.

Undarlegt sem það kann að hljóma þá hlýtur það að koma til greina að stofna sérstök verndarsamtök fyrir mannlíf og menningu. Slík samtök ættu hafa sterka rödd inn umhverfismat hverju sinni, sem einmitt metur áhrif í lífríkið, og hvort framkvæmdir geti haft jákvæð eða neikvæð áhrif. Örninn er vissulega merkileg skepna og fágædd, allir heimsins fuglar eru einstakir, rétt eins og Nói komst að, en það er líka maðurinn og menningin.

Vegagerð um Gufudalssveit skal verða að veruleika, með lögum ef annað gengur ekki. Sveitarstjórn Reykhólahrepps býður mikið verkefni með útgáfu framkvæmdaleyfis til Vegagerðarinnar, sem ætlar, hugdjarft, þrátt fyrir niðurstöðu Skipulagsstofnunnar að leggja veginn til fólksins. Sveitarfélög á Vestfjörðum styðja ákvörðun Vegagerðarinnar og standa að baki Reykhólahreppi, og munu veita sveitarfélaginu alla aðstoð og atfyllgi sem sveitarfélagið þarf í þessu ferli.

Í þessu réttlætismáli ganga sveitarfélög á Vestfjörðum sem eitt væri.

Við göngum bjartsýn til framtíðar og vitum að innan tíðar verðir vegir suðursvæðis fullkláraðir og uppbygging milli norður og suður mun ljúka með tilheyrandi framförum og vexti.

Við þurfum því strax að huga að Strandsvæðinu, þrýsta á um að svæðið verði þjónustað sem áður og betur, og fái eðlilega uppbyggingu vega, svo byggðirnar eigi ekki bara möguleika til að viðhalda sér, heldur að vera samkeppnisfærar og geti stækkað og eflst.

Þá er nauðsynlegt að athuga með uppbyggingu innstrandavegar, og huga að öllum leiðum til að efla svæðið.

Ljóst er að sveitarfélög á Vestfjörðum standa ólíkt á mót komandi framtíð. Á meðan stöku sveitarfélag sýnir þenslumerki, vöxtur er mikill í verðmæta og íbúaaukningu, áform um uppbyggingu um atvinnu og íbúðahúsnæðis, standa önnur sveitarfélög í slitnari skóm. Undanfarið hefur okkar minnsti bróðir, Árneshreppur, róið lífróður fyrir tilveru sinni og framtíð. Ég sagði um daginn í ræðu að það væri ekki sjálfgefið að sveitarfélög lifi að eilífu, stundum þarf maður aðstoð til að sjá framtíðina, stundum þarf að maður auka hönd á hamarinn.

Ég lagði fram tillögu að stjórnarfundum FV í apríl um að formanni og framkvæmdastjóra yrði heimilt að setja saman verkefni á vegum FV, sem myndi ganga undir nafninu brothætt byggð. Verkefnið yrði unnið í paravinnu með Byggðastofnum, sem sjálf er með viðlíka verkefni. Mikil uppbyggingaráform eru framundan í Árneshreppi, það sem orkubylting Vestfjarða mun með réttu hefjast, með Hvalárvirkjun. En til þess að Árneshreppur nái sem best að nýta þessa uppbyggingu þarf að koma til uppbygging hins opinbera, félagsskapur og atfylgi annarra sveitarfélaga á Vestfjörðum, og síðast en ekki síðast en alls ekki síst samstarf frá framkvæmdaraðilanum.

Undanfarið hefur FV ásamt Byggðastofnun, í samvinnu við Árneshrepp, leitað eftir hentugri dagsetningu til að hefja formlega verkefnið með íbúafundi. Unnið er með dagsetninguna 12.-13. júní.

Ég nefndi orkubyltingu Vestfjarða. Hér á eftir mun Ásgeir Margeirsson fara yfir hugmyndir hans manna og kvenna um hvernig megi standa að þessari byltingu. Það er að ljúft að geta rætt saman á uppbyggilegan hátt, um hvernig við ætlum að standa saman að framtíð fjórðungsins, hvernig hann á að blómstra í komandi framtíð, fullur af orku og athafnalífi. Verra er að heyra af mögulegum málsóknum, beint að sveitarfélögum Vestfjarða. Ólíkt hafast þeir að sagði gamli maðurinn.

Það er lán Fjórðungssambandsins hversu vel mannað sambandið er. Starfsfólk FV er úrvalslíð sem hefur náð góðum árangri á þessu starfsári. Vert er að minnast á silfurvottun EarthCheck verkefnisins, sem Lína Tryggvadóttir stýrir af miklum myndugleika. Afar fátítt er að samfélög nái silfurvottun á jafn skömmum tíma, því ber að þakka Línu Tryggvadóttir. Skúli Gautason var ráðinn sem menningarfulltrúi á árinu og verður afar spennandi að sjá hvernig hann mun kom inn í Vestfirskt menningar og athafnalíf. Markaðsstofa Vestfjarða vekur athygli á landsvísu, og nú er svo komið að markaðsstofustýran er komin í innsta kjarna stefnumótunar ferðaþjónustu á landinu, Vestfirðingum vonandi til heilla og framfara.

Þá get ekki haldið áfram með þessa upptalningu án þess að minnast á höfuð fjármálanna, Margréti Birkisdóttur, kjarninn sem þarf að vera til staðar í öllum góðum stofnunum.

Svo er það Aðalsteinn, framkvæmdastjóri FV, maðurinn sem hefur drifið áfram og leitt þetta starfsmikla ár. Fyrst og fremst vil ég þakka honum fyrir hans framlag, sem hefur verið ómetanleg.

**Þingskjal 4 Ársreikningur**

[http://www.vestfirdir.is/fjordungssambandid/62\\_fjordungsting\\_2017/](http://www.vestfirdir.is/fjordungssambandid/62_fjordungsting_2017/)

**Þingskjal 5 Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2017 og fjárhagsáætlun 2018**

[http://www.vestfirdir.is/fjordungssambandid/62\\_fjordungsting\\_2017/](http://www.vestfirdir.is/fjordungssambandid/62_fjordungsting_2017/)

**Þingskjal 6 tillaga um laun stjórnar****Tillaga um laun stjórnar og nefnda FV fyrir starfsárið 2017-2018.**

- Laun stjórnar og nefnda taki mið af þingfarakaupi eins og það var þann 1. október 2016 kr. 762.940,- hlutföll af þingfarakaupi verði óbreytt frá 61. þingi.
- Laun formanns FV verði áfram 16 % af kr.762.940 = kr. 122.070 á mánuði
- Laun stjórnarmanns FV verði áfram 8 % af kr. 762.940 = kr. 61.035 á mánuði.
- Greitt skal 2% af þingfarakaupi á ferðadag fyrir stjórnarmann ef farið er í ferð sem ekki fellur að ráðgerðum fundum innan ársins. (kr. 15.256)
- Laun formanna fastanefnda og starfshópa verði áfram 8 % eða kr. 61.035 fyrir hvern setinn fund.
- Laun nefndarmanna fastanefnda og starfshópa verði áfram 4 % af þingfarkaupi eða kr. 30.517 fyrir hvern setinn fund
- Fæðis og dagpeningar greiðast samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar hverju sinni. Sæki stjórnar eða nefndarmaður fund utan síns atvinnusvæðis skal greiða honum sem nemur fæðispeningi fyrir hvern ferðadag. Gisting skal að jafnaði greidd af Fjórðungssambandi Vestfirðinga.

**Þingskjal 7 tillaga um endurskoðenda**

Tillaga gerð um að áframhaldandi samningur verði gerður við Endurskoðun Vestfjarða ehf

**Þingskjal 8 tillaga um dagsetningu haustþings**

*2. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga verði haldið í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, föstudag 29. og laugardag 30. september n.k.. Umfjöllunarefni þingsins verði tvö, innviðamál og tekjustofnar sveitarfélaga með áherslu á auðlindagjaldtöku*

Tillagan breyttist í meðförum þingsins (sjá feitletraðan texta) og er í endanlegri mynd sem hér segir.

*2. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga verði haldið í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, föstudag 29. og laugardag 30. september n.k.. Umfjöllunarefni þingsins verði **þrjú**, innviðamál, tekjustofnar sveitarfélaga með áherslu á auðlindagjaldtöku **og framtíðahorfur um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum***

**Þingskjal 9 Tillaga um breytingu 4. Gr. samþykkt**

- **4. gr. Fulltrúar á Fjórðungsping og atkvæðavægi**
- *Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skulu sveitarstjórnir kjósa fulltrúa til tveggja ára á Fjórðungsping og aftur á miðju kjörtímabili. Kjörgengir sem fulltrúar á Fjórðungsping eru aðalmenn í sveitarstjórn og varamenn þeirra jafnmargir að tölu.*
- *Sveitarstjórn er heimilt að kjósa jafnmarga fulltrúa og skipa sveitarstjórn hverju sinni og jafnmarga til vara til setu á Fjórðungspingi. Atkvæðavægi hvers sveitarfélags ræðst af íbúatölu sveitarfélagsins þann 1. janúar ár hvert, margfaldaðri með vogtölu sveitarfélagsins. Vogtala ákvarðast þannig:*
- *Sveitarfélag með 300 íbúa eða færri - Vogtala 3.0*
- *Sveitarfélag með 301-600 íbúa - Vogtala 2.0*
- *Sveitarfélag með 601-1200 íbúa - Vogtala 1.5*
- *Sveitarfélag með fleiri en 1200 íbúa - Vogtala 1.0*
- *Heimilt er sveitarstjórn að framselja atkvæðisrétt sinn til eins eða fleiri þingfulltrúa.*

**Þingskjal 10. Breytingartillaga á 4. Gr.**

Tillaga til 62. Fjórðungspings Vestfirðinga. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga verði falið að skipa millipingarnefnd með þrem fulltrúum sem endurskoði fyrirkomulag vogtölukerfis samkvæmt 4. gr samþykkt FV. Einn fulltrúi frá norðanverðum Vestfjörðum, einn frá sunnanverðum Vestfjörðum og einn frá Ströndum og Reykhólahreppi. Nefndin skili tillögu til 2. haustþings FV

## 62. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Pinggerð

Haldið 24. maí 2017 í Félagsheimilinu í Bolungarvík

Mæting á 62. Fjórðungsping Vestfirðinga.

Árneshreppur	Eva Sigurbjörnsdóttir
Bolungarvíkurkaupstaður	Helga Svandís Helgadóttir
Bolungarvíkurkaupstaður	Baldur Smári Einarsson
Bolungarvíkurkaupstaður	Halldóra D. Sveinbjörnsdóttir
Bolungarvíkurkaupstaður	Guðlaug Rós Hólmsteinsdóttir
Bolungarvíkurkaupstaður	Jón Páll Hreinsson
Ísafjarðarbær	Arna Lára Jónsdóttir
Ísafjarðarbær	Kristján Andri Guðjónsson
Ísafjarðarbær	Nanný Arna Guðmundsdóttir
Ísafjarðarbær	Gunnhildur B. Elíasdóttir
Ísafjarðarbær	Marzellíus Sveinbjörnsson
Ísafjarðarbær	Gísli Halldór Halldórsson
Kaldrananeshreppur	Finnur Ólafsson
Reykholahreppur	Áslaug Guttormsdóttir
Reykholahreppur	Ágúst Már Gröndal
Reykholahreppur	Sandra Rún Björnsdóttir
Reykholahreppur	Ingibjörg Birna Erlingsdóttir
Strandabyggð	Andrea K. Jónsdóttir
Strandabyggð	Ásta Þórisdóttir
Strandabyggð	Ingibjörg Benediktsdóttir
Súðavíkurhreppur	Guðbjörg Bergmundsdóttir
Tálknafjarðarhreppur	Eva Dögg Jóhannesdóttir
Tálknafjarðarhreppur	Indriði Indriðason
Tálknafjarðarhreppur	Ásgeir Jónsson
Tálknafjarðarhreppur	Kristinn Hilmar Marinósson
Vesturbyggð	Gísli Ægir Ágústsson
Vesturbyggð	Gerður Sveinsdóttir
Vesturbyggð	Magnús Jónsson
Vesturbyggð	Friðbjörg Matthíasdóttir
Stjórn Fjórðungssambands	Pétur Georg Markan
Stjórn Fjórðungssambands	Margrét Jómundsdóttir
Stjórn Fjórðungssambands	Ingibjörg Emilsdóttir
Stjórn Fjórðungssambands	Jón Örn Pálsson
Fjórðungssamband Vestfirðinga	Díana Jóhannsdóttir
Fjórðungssamband Vestfirðinga	Magnea Garðarsdóttir
Fjórðungssamband Vestfirðinga	Aðalsteinn Óskarsson
Fjórðungssamband Vestfirðinga	Skúli Gautason
Fjórðungssamband Vestfirðinga	Lína Björg Tryggvadóttir
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	María Maack
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	Valgeir Ægir Ingólfsson

## 62. FJÓRÐUNGSPING VESTFIRÐINGA

Haldið 24. maí 2017 í Félagsheimilinu í Bolungarvík

Þinggerð

---

<b>Gestir</b>	
Vesturverk	Ásgeir Margeirsson - Formaður stjórnar
Vesturverk	Gunnar Gaukur Magnússon, framkv.stj.
Orkubú Vestfjarða	Elías Jónatansson, orkubússtjóri
Capacent	Arnar Jónsson
Capacent	Róbert Ragnarsson